



Heiti áfanga: Lögfræði, bókfærsla og hagfræði

Áfanganúmer: LBHF2AB05

Prep: 2

Fyrir hvaða bekk: 3FN

Aðili sem kynnir áfanga:

Lýsing: Lögfræði, bókfærsla og hagfræði verður kennd í einum áfanga, í þremur lotum.

Lögfræði

Í áfanganum verður lögfræði sem fræðigrein kynnt þar sem fjallað verður um aðferðafræði og mikilvæg grundvallarhugtök lögfræðinnar auk þeirra réttarheimilda sem lögfræði grundvallast á. Sérstaklega veður fjallað um mannréttindalög, stjórnskipunar- og stjórnslurétt, Evrópurétt og þjóðarétt, refsirétt og skaðabótarétt þar sem nemendur munu þjálfast í að lesa lög.

Bókfærsla

Bókhaldshringrásin er kynnt og helstu reglur um tvíhliða bókhald (debit-kredit). Fjallað er um grundvallarhugtökin eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Nemendur læra að lesa í reikninga og setja þá rétt upp. Þekking á rekstri og bókhaldi getur gagnast í persónulegu lífi, félagsstarfi og ýmsum störfum.

Hagfræði

Í áfanganum eru grunnhugtök og meginviðfangsefni þjóðhagfræðinnar kynnt. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Hagfræðin ýtir undir fréttalæsi og eflir almennan skilning á þjóðfélagsmálum. Dæmi um hugtök sem er gott að hafa grunnskilning á eru verðbólga, stýrivextir, verg þjóðarframleiðsla, hagvöxtur, viðskiptajöfnuður og gengi gjaldmiðla.

Forkröfur: Engar

Námsmat: